

Golfklúbbur Borgarness var stofnaður í janúar 1973 í kjölfar vilyrðis Borgarhrepps um land undir golfvöll. Árið 1975 var gengið frá samning við Borgarneshrepp um land undir 9 holu golfvöll í landi Hamars. Síðar var samið um afnot af Hamarsbænum. Öll starfsemi okkar byggir á þeim grunnsamningum enn þann dag í dag. Í gildi eru tveir samningar við sveitafélagið frá 2003, um leigu á landi undir golfvöll og leigu á Hamarsbænum, sem gilda báðir til ársins 2028.

Starfsemin hefur breyst töluvert, í upphafi var að mestu leiti um að ræða sjálfboðavinnu, en í dag er rekinn golfklúbbur sem krefst mannafla á launum því umfangið hefur vaxið og kröfur aukist. Klúbburinn leggur áherslu á að mæta væntingum golfiðkenda og leggur klúbburinn áherslu á lýðheilsuþróun í heilsuefandi samfélagi Borgarbyggðar. Við erum stolt yfir okkar árangri. Völlurinn okkar er einn af betri völlum landsins fyrir hinn almenna kylfing og hann er frábær aðstaða fyrir alla aðra sem stunda útivist á svæðinu sem svo göngur, hlaup og skíðagöngur. Golfvöllurinn á Hamri er afar vinsæll völlur sem hefur skorað hátt í viðhorfskönnunum Gallup hjá kylfingum og hefur hann átt stóran þátt í því að kylfingar velji, umfram aðra staði á landinu, að fjárfesta í sumarhús í Borgarbyggð. Því er gríðarlega mikivægt að íþróttamannvirkið (golfvöllurinn) sé ávallt í sem bestu ástandi og til að geta skartað þeirri náttúruþerlu sem völlurinn er þarf að sinna honum sem skyldi. Veðurfar hefur mikil áhrif á rekstur íþróttamannvirkisins og tekjur golfklúbbsins geta því sveiflast talsvert á milli ára. Aðsókn á völlum er sem betur fer mikil og fer vaxandi og er því síaukin þörf á þjónustu við þá sem svæðið sækja ásamt aukins viðhalds á mannvirkinu. Að meðaltali sækja um 12 þúsund manns völlinn yfir sumartímenn og er það eingöngu byggt á skráningu inn á golfvöllinn. Það má því áætla að mun fleiri sækja svæðið ef tekið er tillit til þeirra sem sækja íþróttamannvirkið. Í upphafi árs 2024 voru félagsmenn alls 460, 29% konur og 71% karlar. Vert er að segja frá því að 25% okkar félaga eru yngri en 25 ára og 35% eru 60 ára og eldri.

Íþróttamannvirkið Hamarsvöllur er í helmingseigu Borgarbyggðar á móti Golfklúbbi Borgarness og um er að ræða eitt stærsta íþróttamannvirki innan sveitafélagsins. Þar fer fram fjölbreytt starfsemi t.d. mótahald, sem dregur margt fólk til Borgarbyggðar, kennsla bæði barna, ungmenna og fullorðinna og á völlum sækja eldri borgarar samfélagsins mikið og hafa þar aðgang að þúttvelli og eiga sér afdrep í Hamarsbænum.

Staða okkar er oft erfið rekstrarlega, sérstaklega þegar illa viðrar. Hjá okkur er einn starfsmaður á launum yfir veturinn. Yfir sumarið bætast við 11 vallarstarfsmenn. Nauðsynlegt er að bæta við starfskrafti, á ársgrundvelli, sem sinnir eingöngu íþróttamannvirkinu (með starfsheiti vallarstjóra), bæði hvað varðar viðhald og huga að

framtíðarbreytingum sem er í farvatninu vegna væntanlegra breytinga á legu þjóðvegarins og uppbyggingu á sumarhúsum í kringum íþróttamannvirkið.

Með auknum mannafla til að sinna íþróttamannvirkinu getur golfklúbburinn betur sinnt þeim markmiðum sínum er varðar lýðheilsu okkar félaga, gesta ásamt ungmennum og eldri borgurum. Markmið klúbbsins taka mið af „heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna“, sem GSÍ okkar sérsamband, hefur hafið vinnu við að innleiða fyrir árið 2030. Rnnsóknir hafa leitt í ljós að golfiðkun lengir líf fólks, sjá skjalhlekk <https://www.golf.is/sjo-kostir-golfleiksins-fyrir-heilsuna/> grein eftir Edwin Roald, golfvallahönnuð.

Starfsemi golfklúbbsins er víðtæk en árið 2024 héldum við 30 opin golfmót og 12 lokuð mót sem voru einungis opin meðlimum Golfklúbbs Borgarness. Tæplega 3000 spilarar sóttu þessa mótaviðburði, auk þess var Hamarsvöllur spilaður 12 þúsund sinnum á árinu samkvæmt golfbox. Eldri borgarar sækja okkar mannvirki tvisvar sinnum í viku þar sem stuðlað er að pútti og samveru, 40 eru skráðir en algeng mæting er um 25-30 manns samkvæmt Ingimundi Ingimundasyni.

45 ungmenni undir 18 ára eru skráð í klubbinn og þar af einn fatlaður einstaklingur. Þessum ungmennum og börnum var boðið uppá gjaldfrjálsar æfingar í átta vikur yfir sumartímamann af lærðum PGA kennara en hérna viljum við bæta í og byggja sterkt heilsárs starf fyrir okkar börn og unglina. Til þess að stuðla að betri útbreiðslu á okkar íþróttamannvirki var öllum börnum í grunnskóla Borgarness boðið í golf í vor og var aðstaðan kynnt fyrir þeim. Brottfall í íþróttum er oft hátt meðal unglina og við vitum að það hefur gífurlegt félagslegt gildi að stunda íþróttir. Fyrir þá sem ekki fara í meistaraflokk í körfubolta eða fótbolta er lítið sem ekkert um að íþróttir séu að grípa þann hóp. Við erum gífurlega stolt af því að þessi hópur er í stórum mæli að leita til okkar og erum við t.d. með 63 meðlimi í klúbbum á aldrinum 20-24 ára. Öll þessi starfsemi stuðlar að aukinni lýðheilsu og erum við félag í Borgarbyggð sem leggur ríka áherslu á að allir hafi aðgengi að okkar mannvirki, ungrir sem gamlir.

Staðan hjá golfklúbbum er frábær hvað varðar ástundun, félagsstarf og gæði mannvirkisins. Við stöndum hinsvegar á brothættum stað þegar kemur að rekstri klúbbsins næstu ára. Vélar, mannafl og fyrirhugaðar breytingar á æfingarsvæði og vellinum er ábótavant ef við viljum halda sömu gæðum til þess að stuðla að þeirri lýðheilsu sem við höfum boðið íbúum Borgarbyggðar og gestum upp á síðustu ár. Að því sögðu óskar Golfklúbbur Borgarness eftir fjárhaglegri aðstoð fyrir rekstur og viðhald fyrir komandi ár til þess að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu á okkar íþróttamannvirki. Starfsemin er gífurlega mikilvæg að okkar mati þar sem starfið okkar bíður upp á hreyfingu, samveru og keppni fyrir alla aldurshópa. Allir eru með.

F.h. Golfklúbbs Borgarness

*Bjarki Pétursson*

